


# HVAÐ ER TÍTT?

## Skipulagsdagurinn 2017
Með lífsgæði og sjálfbærni að leiðarljósi

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

15.9.2017

Skipulagsstofnun








*Ljósmyndir: Nanne Springer fyrir Glámu-Kím*

# Framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu

Í tillögu að landsskipulagsstefnu 2015–2026 er gert ráð fyrir eftirfarandi verkefnum:

- 1.1.4 Kortlagning víðerna.
- 1.2.2 Kortlagning mannvirkja og þjónustu.
- 1.2.3 Mat á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja.
- 1.3.2 Kortagrunnur um vegi á miðhálendinu.
- 1.3.3 Nánari stefnumótun um vegakerfi miðhálendisins.
- 2.3.2 Flokkun landbúnaðarlands.
- 2.5.2 Skipulag vindorkunýtingar.
- 2.6.4 Kortagrunnur um vegi í dreifbýli.
- 3.1.2 Greining vinnusóknar- og þjónustusvæða.
- 3.2.3 Upplýsingar um húsnæðismál.
- 3.5.3 Úrlausn ágreiningsmála um innviði.
- 3.6.2 Mælikvarðar fyrir fjarskipti.
- 4.1.1 Öflun upplýsinga um vernd og nýtingu.
- 4.1.2 Stefnumótun um skipulagsmál haf- og strandsvæða.
- 4.2.1 Stjórnsýsla skipulagsmála á haf- og strandsvæðum.
- 4.2.3 Skilgreining á strandlínu.
- 4.2.4 Endurskoðun landnotkunarflokka á hafnar- og iðnaðarsvæðum.
- 4.3.1 Svæðisbundin skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum.




**1.1.4 Kortlagning víðerna**
Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að reglulega liggi fyrir uppfærð kort af umfangi og þróun víðerna á miðhálendinu. Í því felst að ákveða viðmið fyrir mat á umfangi víðerna út frá skipulagssjónarmiðum og að hafa kort sem uppfærð eru reglulega um umfang víðerna aðgengileg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila.

**1.2.2 Kortlagning mannvirkja og þjónustu**
Skipulagsstofnun í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og sveitarfélög á hálendinu hafi forgöngu um skráningu mannvirkja og þjónustu á hálendinu.

**2.5.2 Skipulag vindorkunýtingar**
Skipulagsstofnun í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir standi fyrir fræðslu og miðlun upplýsinga um skipulagsmál og umhverfismat vindorkunýtingar.

# Stafrænt skipulag

*Núverandi skipulagsvefsjá á skipulag.is*




*Skref framundan*

- Skipulagsáætlanir verði unnar með samræmdum hætti í landfræðilegum upplýsingakerfum
  - Aðalskipulag og svæðisskipulag fyrir 1. janúar 2020
  - Deiliskipulag fyrir 1. janúar 2025
- Rafræn gátt, rafrænt aðgengi að tillögum, umsögnum og athugasemdum við mótun skipulagstillagna?

# Skipulag haf- og strandsvæða

*Dæmi frá Hollandi*




*Dæmi frá Skotlandi*




*Tilraunaverkefni í Arnarfirði*



# Loftslagsmál og skipulag

*Fyrirliggjandi efni um loftslagsmál á skipulag.is*

12.11.2015

## Um loftslagsmál og skipulag

Í tilefni af Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París



Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefst í París 30. nóvember næstkomandi þar sem vonir eru bundnar við að þjóðir heims samþykki nýja stefnu í loftslagsmálum. En þótt loftslagsvandinn sé sameiginlegur vandi allra jarðarbúa og kalli því á slíkt samræmt átak eru lausnirnar oft staðbundnar.

Hér á landi hafa stjórnvöld samþykkt stefnumörkun í loftslagsmálum til 2050 og aðgerðaáætlun til að vinna að skuldbindingum Íslands gagnvart alþjóðasamfélaginu. Í þeirri síðarnefndu eru settar fram aðgerðir á ýmsum sviðum til að vinna gegn loftslagsbreytingum, meðal annars í samgöngumálum og með aukinni skógrækt og endurheimt votlendis.

***Skipulag sem stjórntæki í loftslagsmálum***

Eitt þeirra stjórntækja sem stjórnvöld geta beitt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum er gerð skipulags, sem felur í sér markmið og ákvarðanir um þróun byggðar og landnotkunar til framtíðar. Í grunninn má segja að skipulagsgerð hafi tvíþættu hlutverki að gegna þegar kemur að loftslagsmálum. Annarsvegar hafa landnotkun og fyrirkomulag samgangna og byggðar áhrif á hversu mikil losun gróðurhúsalofttegunda er og hvernig staðið er að kolefnisbindingu í gróðri með skógrækt eða verndun votlendis. Hinsvegar hefur hlýnun og afleiðingar loftslagsbreytinga áhrif á fyrirkomulag byggðar, innviða og landnýtingar vegna hækkandi sjávarstöðu og aukinnar flóðahættu.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að landsskipulagsstefnu skal skipulag landnotkunar stuðla að öryggi almennings gagnvart loftslagsbreytingum. Þannig verði við skipulagsgerð sveitarfélaga hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og jafnframt tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs.

***Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með skipulagi***



Lykilaðgerð í viðbrögðum við loftslagsbreytingum á heimsvísu er að auka hlut endurnýjanlegrar orku í stað jarðefnaeldsneytis en samhliða er mikilvægt að bæta orkunýtni og minnka eftirspurn eftir orku. Að þessu má vinna í skipulagi. Með skipulagi byggðar og innviða er hægt að hafa áhrif á lífsstíl, athafnir og hegðun, til dæmis með þéttri og blandaðri byggð og fjölbreyttari

## *Í slóð Irmu í Florida* *(myndir: Guardian)*










*"Politicians debate Global Warming" e. Isaac Cordal*

REYKJAVÍK • ICELAND
ARCTIC CIRCLE 2017
OCTOBER 13-15

**FRIDAY, OCTOBER 13**

NATIONAL AND CITY SPATIAL PLANNING
Organized by the Scottish Government

SPEAKERS

Fiona Simpson, Assistant Chief Planner, Scottish Government: Scotland's National Planning Framework and Climate Change Plan – guiding transformational change

Cathy Johnston, Group Manager, Development and Regeneration Services, Glasgow City Council: City planning for climate change – Glasgow

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Director, National Planning Agency, Iceland: Planning for resilience at the national level

Representative from the Department of Environment and Planning, City of Reykjavik Council*

**Chair:** John McNairney, Chief Planner, Scottish Government

# Sveitarstjórnarkosningar 2018

*Eldri útgáfa Skipulagsmála á Íslandi, á skipulag.is*




*Eldri útgáfa um endurskoðun aðalskipulags, á skipulag.is*



*Umfjöllun í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins í vikunni*




**Stóraukinni eftirspurn eftir vinnuafli að undanförnu hefur að töluverðu leyti verið mætt með innflutningi á vinnuafli. Í haustefti Peningamála Seðlabanka Íslands var til að mynda bent á að fjölgun erlendra ríkisborgara hefði átt ríkari þátt í fjölgun íbúa á fyrri hluta þessa árs en á öllu síðasta ári. Ein birtingarmynd aukins innflutts vinnuafls er vaxandi umsvif starfsmannaleiga.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spenna á vinnumarkaði að ná hámarki














Myndir af mbl.is, icelandreview.com, kvotinn.is, ssh.is

# Þingsályktun

**um landsskipulagsstefnu 2015–2026.**

Alþingi ályktar, með vísan til 10. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, að stjórnvöld skuli á árunum 2015–2026 vinna að skipulagsmálum í samræmi við landsskipulagsstefnu þessa sem felur í sér:

1. Stefnu um skipulag á miðhálendi Íslands.
2. Stefnu um skipulag í dreifbýli.
3. Stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar.
4. Stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Í landsskipulagsstefnu er eftirfarandi lagt til grundvallar auk markmiða skipulagslaga:

1. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
2. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
3. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
4. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

1. SKIPULAG Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálendisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálendinu taki mið af sérstöðu þess.

**1.1 Víðerni og náttúrugæði.**

Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins með áherslu á verndun víðerna hálendisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.

*Skipulagsgerð sveitarfélaga:*

*1.1.1 Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni.*

Sveitarfélög á miðhálendinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Nátt-




facebook

twitter

YouTube™